

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjallalax ehf. Hallkelshólum Grímsnesi



Dags eftirlits	5.7.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Fjallalax ehf.	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Strandgötu 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	670809-0720	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Johnny Indergaard	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Matthew Chernin	Staðsetning	64.078823 -20.820848

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt nýtt frávik frá starfsleyfi kom fram í eftirliti. Losun í frárennsli er yfir losunarmörkum í grein 3.4 í starfsleyfi.

Óskað hefur verið eftir teikningum af frárennislögnum í jörðu og mun rekstraraðili senda þær fyrir 1. október nk. Minnt er á kröfur olíureglugerðar nr. 884/2017, grein 41., um áfylliplan tengt olíuskilju þar sem áfylling á bifreiðar fer fram og um árekstrarvarnir við neyslugeyma þar sem þeir eru staðsettir í akstursleið ökutækja.

Rekstraraðila er bent á að í starfsleyfinu grein 3.5 er krafa um settjörn eða annan sambærilegan eða betri búnað.

Rekstraraðila er bent á að senda afrit af áætlun um meðhöndlun úrgangs til eftirlitsaðila.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði í 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í fiskeldi Fjallalax ehf. kt. 670809-0720 að Hallkelshólum í Grímsnesi. Starfsleyfi rekstraraðila er frá 20. janúar 2022 og gildir til 20. janúar 2038. Í nýlegu aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps er lóðin skilgreind sem iðnaðarsvæði, en lóðin hefur ekki verið deiliskipulögð.

Eftirlitið hófst á fundi. Mætt voru Matthew Chernin stöðvarstjóri Fjallalax (Arnarlax) og Halla Margrét Viðarsdóttir og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Dagskrá:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir kröfur í starfsleyfi
- Áhersluverkefni Umhverfisstofnunar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Önnur mál, atvik, breytingar, umgengni, óhöpp og kvartanir

1. Öllum eldri frávikum hefur verið lokað. Útiker eru ekki í notkun undir eldisfisk en eru notuð sem hluti af hreinsikerfi í frárennsli. Frárennislismælingar hafa ekki verið gerðar eftir að hreinsun frárennislisvatns hófst. Óskað er eftir nýjum mælingum í samræmi við kröfur í starfsleyfi enda eru fosfór og köfnunarefni yfir losunarmörkum sem sett eru í starfsleyfi. Losun yfir losunarmörkum er frávik frá kröfum í starfsleyfi.

Tromlusía í frárennsli innisvæða var tekin í notkun í vor. Byggja á yfir tromlusíurnar til þess að tryggja eðlilegan rekstur allt árið. Óskað hefur verið eftir teikningum af frárennislögnum í jörðu og mun rekstraraðili senda þær fyrir 1. október nk.

Neysluolíugeymir hefur verið endurnýjaður. Minnt er á kröfur olíureglugerðar nr. 884/2017, grein 41., um áfylliplan tengt olíuskilju þar sem áfylling á bifreiðar fer fram og um árekstrarvarnir við neyslugeyma þar sem þeir eru staðsettir í akstursleið ökutækja.

Flokkun úrgangs er hafin og samningur við Terra umhverfisþjónustu hf. um vigtun og móttöku úrgangs.

2. Samkvæmt starfsleyfi skulu eftirfarandi skriflegar áætlanir liggja fyrir í starfsstöðinni; áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, neyðaráætlun og áætlun um meðhöndlun úrgangs og spilliefna. Allar áætlanir liggja fyrir en rekstraraðili hyggst senda uppfærða áætlun um meðhöndlun úrgangs til eftirlitsaðila núna í ágúst.

Mælingar í inntaki og útrás stöðvarinnar skulu fara fram tvisvar á ári annars vegar við hámarksfóðrun og hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki.

Rekstraraðili skal skila ársyfirliti um samantekt á niðurstöðum mælinga og skráninga og umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Þessi krafa kemur til eftir að nýtt starfsleyfi var gerið út með umfang yfir 20 tonn og losun í ferskvatn. Mælinganiðurstöðum skal skila til eftirlitsaðila tvisvar á ári. Fyrri mæling í frárennsli fór fram 21. mars sl.

3. Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun. Ólíklegt er að olíumengun finnst í jörðu á lóð rekstraraðila í því magni að skráning í gagnagrunn stofnunarinnar sé þörf.

Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar tók gildi 1. mars sl. og fylgdu upplýsingar um hana þegar eftirlitið var boðað.

Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglubundnar

vettvangsheimsóknir með skemmri fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsókna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar.

4. Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 kveður á um að Umhverfisstofnun skuli gera áhættumat á fyrirtækjum sem farið er í eftirlit til, og nota áhættumatið til þess að ákveða tíðni eftirlita. Farið var yfir áhættumat stöðvarinnar með fulltrúa rekstraraðila. Niðurstöður munu ekki liggja fyrir en öllum eftirlitum í sambærilegum fiskeldum er lokið og þá mun verða gefið út skipulag á eftirliti stofnunarinnar hjá fiskeldisfyrirtækjum á næsta ári (2024).

6. Farið var í skoðun á stöðinni. Gengið um innanhúss og var þar allt snyrtilegt um að litast.

Skoðaðar framkvæmdir við frárennsli stöðvarinnar, tromlusíu og settjörn. Settjörnin var áður stífla í Höskuldslæk (vatnshlot nr. 103-844-R) með yfirfalli. Við komu í eftirlit hafði tjörnin verið tæmd og því engin settjörn í útrás stöðvarinnar. Bent er á að í starfsleyfinu grein 3.5 er krafa um settjörn eða annan sambærilegan eða betri búnað.

Skoðuð aðstaða við olúmannvirki, meltutanka, lager og úrgangshauga. Fara þarf í tiltekt utanhúss þegar framkvæmdum lýkur.

Kvartanir vegna mikillar losunar svífagna í Höskuldslæk bárust síðastliðinn vetur. Með tilkomu tromlusíu ætti svífögnum í Höskuldslæk að fækka. Beðið er eftir nýrri mælingu til þess að staðfesta það. Engin óhöpp hafa orðið í meðferð efnavöru og olíu.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæði í grein 3.4 í starfsleyfi.	Losun fosfórs og köfnunarefnis í viðtaka er yfir losunarmörkum. Losun fosfórs má ekki fara fram úr 7 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári. Losun köfnunarefnis má ekki fara fram úr 60 kg/tonn af lífsmassaaukningu á ári.

ÁBENDINGAR

Óskað hefur verið eftir teikningum af frárennislögnum í jörðu og mun rekstraraðili senda þær fyrir 1. október nk. Minnt er á kröfur olíureglugerðar nr. 884/2017, grein 41., um áfylliplan tengt olíuskilju þar sem áfylling á bifreiðar fer fram og um árekstrarvarnir við neyslugeyma þar sem þeir eru staðsettir í akstursleið ökutækja. Rekstraraðila er bent á að í starfsleyfinu grein 3.5 er krafa um settjörn eða annan sambærilegan eða betri búnað. Rekstraraðila er bent á að senda afrit af áætlun um meðhöndlun úrgangs til eftirlitsaðila.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 05.09.2023



Gottskálk Friðgeirsson